

Ed.

666. Breytingartillögur

[170. mál]

við frv. til 1. um Þjóðleikhús.

Frá Ragnari Arnalds.

1. Við 3. gr. 1. mgr. orðist svo:
Aðalhlutverk Þjóðleikhússins skal vera flutningur íslenskra og erlendra sjónleika. Auk þess skal það árlega flytja óperur og söngleiki og sýna listdans.
2. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
Menntamálaráðherra skipar fimm menn í þjóðleikhúsráð til tveggja ára í senn, þar af þrjú samkvæmt tilnefningu Starfsmannafélags Þjóðleikhússins og skulu tveir þeirra vera úr hópi fastráðinna leikara og leikstjóra. Þjóðleikhússtjóri á ávallt sæti í þjóðleikhúsráði með atkvæðisrétti. Falli atkvæði jöfn við atkvæðagreiðslu í ráðinu ræður atkvæði þjóðleikhússtjóra.
Ráðherra skipar einnig þrjú varamenn í þjóðleikhúsráð til tveggja ára í senn og skulu tveir þeirra tilnefndir af Starfsmannafélagi Þjóðleikhússins, þar af annar úr hópi fastráðinna leikara og leikstjóra.
Þjóðleikhúsráð ber ábyrgð á rekstri leikhússins ásamt þjóðleikhússtjóra. Ráðið fjallar um starfs- og fjárlagaáætlun leikhússins og tekur allar meiri háttar ákvarðanir, er stofnunina varða. Fjármálafulltrúi leikhússins á sæti á fundum ráðsins án atkvæðisréttar.
3. Við 12. gr.
 - a. 2. mgr. orðist svo:
Þjóðleikhúsinu er heimilt að ráða til starfa leikritahöfund, tónskáld eða aðra höfunda til allt að eins árs í senn. Skal að því stefnt, að a. m. k. einn höfundur sé starfandi við leikhúsið á hverjum tíma.
 - b. Við 12. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
Starfsmenn Þjóðleikhússins skulu eiga aðild að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Þeir starfsmenn Þjóðleikhússins, sem hafa áður unnið hliðstæð störf í þágu íslenskrar leiklistar, skulu einnig eiga kost á að njóta eftirlaunaréttar fyrir þann starfstíma samkvæmt ákvörðun stjórnar lífeyrissjóðsins og að fenginni umsögn viðkomandi stéttarfélags.